

Umhverfismat

Gátlisti fyrir framhalds- og háskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað orka í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að nemendur vinni sem mest sjálfstætt. Nemendur geta fundið svör við sumum spurningunum sjálfir en stundum þarf aðstoð frá kennurum eða öðru starfsfólki.

Einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að mæla ákveðna þætti yfir einhvern tíma.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Dagsetning: _____

Undirskriftir þátttakenda:

Orka



Hugur þekking

	já	nei	athugasemdir
Eru nemendur meðvitaðir um hvaðan og hvernig orkan á Íslandi kemur?			
Eru allir í skólanum meðvitaðir um að það þurfi að spara orku í skólanum?			
Eru allir í skólanum meðvitaðir um af hverju það þarf að spara orku í skólanum?			
Þekkja nemendur mismunandi orkuframleiðslu, kosti þeirra og galla?			
Læra nemendur staðreyndir um orkumál á Íslandi eins og t.d. hvaða notendur nota hversu mikla orku			
Eru nemendur meðvitaðir um mismunandi orkunotkun einstaklinga í mismunandi löndum og er fjallað á gagnrýnin hátt um það?			
Er rætt á gagnrýnan hátt um orkuframleiðslu og orkunotkun?			
Er fjallað um áhrif orkuframleiðslu á samfélög og náttúru?			



Hjarta skólinn og samfélagið

	já	nei	athugasemdir
Eru nemendur meðvitaðir um þá orku sem þeir nota í daglegu lífi?			
Er alltaf slökkt á ljósum í rýmum sem ekki eru í notkun?			
Er alltaf slökkt á ljósum ef hægt er að nota dagsbirtuna?			
Eru merki við slökkvara sem minna fólk á að slökkva á ljósum?			
Eru LED eða orkusparandi ljósaperur í öllum perustæðum í skólanum?			
Er slökkt á tölvum þegar þær eru ekki í notkun			
Er slökkt á skjávörpum, ljósritunarvélum og öðrum raftækjum þegar þau eru ekki í notkun			
Eru notuð orkusparandi raftæki í skólanum (ísskápur, frystikista, tölvur ofl.)			
Eru hreyfiskynjarar á stöðum þar sem viðvera er lítil?			
Er fræðslu um orkumál fléttað inn í einhver málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni?			
Eru samstarfsverkefni um orkumál á milli skólans og stofnanna eða fyrirtækja í nærsamfélaginu?			



Hendur aðgerðir

	já	nei	athugasemdir
Er fylgst með orkunotkun innan skólans?			
Er reynt að draga úr orkunotkun innan skólans?			
Hafa nemendur vakið athygli á orkumálum í skólanum, stofnunum eða fyrirtækjum í nærsamfélaginu?			
Hafa nemendur haft áhrif á nærsamfélag sitt ef þeim hefur fundist eitthvað ábótavant, t.d. skrifa bréf til sveitastjórnar?			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við orku?			
Hafa nemendur prófað að fara í hlutverkaleiki til að skilja mismunandi hagsmunir í tengslum við ákveðna virkjanaframkvæmd og áhrifum hennar á samfélag og náttúru og hvernig væri hægt að finna lausn á deilumálum?			

Til umræðu:

- Hvaðan kemur orkan sem notuð er í skólanum ykkar?
- Ræðið ólíkar tegundir orkugjafa. Hverjir eru kostir þeirra og gallar? Hvað eru endurnýjanlegir orkugjafar? Hvaða umhverfisáhrif fylgja hverjum orkugjafa fyrir sig? Orkugjafar: m.a. jarðefnaeldsneyti (gas, kol, olía), kjarnorka, sólarorka, vindorka, sjávarfallaorka, jarðvarmi, orka frá vatnsafli.
- Hvaða hnattrænu afleiðingar hafa ólíkir orkugjafar?
- Hvernig orku þarf til að búa til hlutina sem við notum eða matvælananna sem við neytum? T.d. húsgögn, snjalltæki, ávextir, kjöt, reiðhjól, bíll, bækur.

Markmið og aðgerðir innan þemans orka